

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum (verðtryggð neytendalán). (817. mál).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur tekið saman minnisblað í tengslum við framkomnar athugasemdir vegna framangreinds frumvarps.

Að mati FME skortir raunsæja tilgátu um áhrif á framboð lánsforma og telur eftirlitið hætt við að takmörkun nái ekki árangri. Núverandi úrræði og ný úrræði FME í frumvarpi til laga um fasteignalán til neytenda séu nægileg til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu. Ráðuneytið tekur fram að í athugasemdum við frumvarpið sé að finna viðleitni til að meta áhrifin en jafnframt kemur þar fram að erfitt sé að segja til um endanleg áhrif þess og að þau muni ráðast af fleiri þáttum.

Í umsögn ASÍ kemur fram að sambandið telji rétt að ráðast í gagngerar breytingar á fjármálakerfinu með því að gera bönkum skylt að skilja fasteignalánastarfsemi sína frá annarri starfsemi og gæta jafnvægis milli útlána og eigin fjármögnunar. Ráðuneytið telur slíkar hugmyndir ekki þurfa að standa í vegi fyrir frumvarpinu.

Samkvæmt umsögn Landsamtaka lífeyrissjóða felur frumvarpið í sér óþarfa forræðishyggju. Ráðuneytið eftirlætur Alþingi að meta hvort tillögur frumvarpsins séu þarfar.

Í umsögn Neytendastofu er bent á að hugtakið neytendalán sé ekki útskýrt í frumvarpinu. Ráðuneytið bendir á að hugtakið kemur þegar fram í lögum um vexti og verðtryggingu.

Að mati SFF kunna tillögur frumvarpsins að leiða til erfiðleika við endurfjármögnun og eins gæti það minnkað vægi verðtryggðra lána hjá þeim sem fara blandaða leið (verðtr. + óverðtr.). Jafnframt séu ekki takmarkanir á skuldaraskiptum. Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að ætla að einstaklingar muni lenda í teljandi vandræðum við endurfjármögnun lána. Varðandi skuldaraskipti telur ráðuneytið að ekki sé rétt að ganga lengra en gert er í frumvarpinu, að sinni.

Einnig segir í umsögn SFF að takmarkanir frumvarpsins nái helst til þeirra sem hafa aldur og vit til að vara sig á óæskilegum lánum og mögulega skarist ákvæði þess á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Því er til að svara að mismunun einstaklinga á grundvelli laga er ekki heimil nema hún byggji á málefnalegum sjónarmiðum. Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar undanþágum frá takmörkunum frumvarpsins byggja á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum sem reifuð eru á bls. 4 í þingskjalinu. Þar er að finna útlistun á því hvernig verðtryggð jafngreiðslulán valda hættu á yfirveðsetningu og eru til þess fallin að skapa erfiðleika fyrir lántaka þegar lán og greiðslubyrði hækka en laun fylgja ekki með. Af þeim ástæðum er miðað við að greiðslutími verðtryggðra jafngreiðslulána sé við það að renna sitt skeið á enda þegar lántaki kemst á eftirlaunaaldur.

Í umsögn Seðlabanka Íslands segir að betur megi ná markmiðum frumvarpsins með því að tryggja upplýsingagjöf til lántaka og að fækkun valkosta sé almennt til þess fallin að draga úr velferð. Að mati ráðuneytisins myndi sú aðferð ekki ná markmiðum frumvarpsins nema að litlu leyti.